

## REGLUGERÐ

### um friðunarsvæði í Arnarfirði vegna fóðrunar- og eldisrannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar.

#### 1. gr.

Frá og með 15. maí til og með 31. desember 2005 eru allar veiðar á Arnarfirði bannaðar milli 23°40' V og 23°46' V. Að norðan og sunnan markast svæðið af fjöruborði.

Þrátt fyrir 1. mgr. er Hafrannsóknastofnuninni heimilt að stunda eða láta stunda veiðar á svæðinu í rannsóknaskyni. Þá er og þeim aðilum, sem leyfi hafa til rækjuveiða í Arnarfirði, heimilt að stunda rækjuveiðar á svæðinu.

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. maí 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*